

Reglugerðir

Skautasambands Íslands

Efnisyfirlit

I. kafli: Almennt	2
<i>Reglugerð nr. 100</i>	
<i>Almennt um lög, reglur, reglugerðir og útgefin skjöl</i>	3
<i>Reglugerð nr. 110</i>	
<i>Aðildar- og iðkendagjöld</i>	3
<i>Reglugerð nr. 111</i>	
<i>Siðareglur ÍSS</i>	3
<i>Reglugerð nr. 112</i>	
<i>Lyfjæftirlit</i>	4
<i>Reglugerð nr. 113</i>	
<i>Vanhæfi</i>	5
<i>Reglugerð nr. 120</i>	
<i>Merkingar og auglýsingar</i>	5
<i>Reglugerð nr. 130</i>	
<i>Skautari ársins</i>	5
<i>Reglugerð nr. 131</i>	
<i>Heiðursverðlaun og Heiðursmerki ÍSS</i>	5
II. kafli: Nefndir ÍSS	7
<i>Reglugerð nr. 200</i>	
<i>Nefndir ÍSS og meðhöndlun skjala</i>	7
<i>Reglugerð nr. 201</i>	
<i>Tækninefnd - Listskautar</i>	8
<i>Reglugerð nr. 202</i>	
<i>Fræðslunefnd</i>	9
<i>Reglugerð nr. 203</i>	
<i>Afreksnefnd - Listskautar</i>	9
<i>Reglugerð nr. 204</i>	
<i>Mótanefnd</i>	10
<i>Reglugerð nr. 205</i>	
<i>Laganefnd</i>	10
<i>Reglugerð nr. 220</i>	
<i>Kjörnefnd</i>	10
<i>Reglugerð nr. 225</i>	
<i>Siðanefnd</i>	11
<i>Reglugerð nr. 230</i>	
<i>Skautahlaupsnefnd</i>	12
III. kafli: Mót og starfsfólk skautaþróttar	13
<i>Reglugerð nr. 300</i>	
<i>Mót</i>	13
<i>Reglugerð nr. 301</i>	
<i>Keppnis- og keppendareglur</i>	13
<i>Reglugerð nr. 302</i>	
<i>Gild mót</i>	13
<i>Reglugerð nr. 303</i>	
<i>Félagaskipti</i>	14

<i>Reglugerð nr. 310</i>	
<i>Um Íslandsmeistaratitil</i>	14
<i>Reglugerð nr. 311</i>	
<i>Bikarmótaröð</i>	14
<i>Reglugerð nr. 320</i>	
<i>Skautum regnbogann</i>	15
<i>Reglugerð nr. 321</i>	
<i>Grunnpróf</i>	15
<i>Reglugerð nr. 330</i>	
<i>Dómarakerfi og tæknibúnaður</i>	16
<i>Reglugerð nr. 331</i>	
<i>Starfsfólk dómara- og tæknipanels - Listskautar</i>	18
<i>Reglugerð nr. 332 - Listskautar</i>	
<i>Starfsfólk panels á mótum</i>	18
<i>Reglugerð nr. 336</i>	
<i>Starfsfólk á panel í verkefnum á vegum ÍSS</i>	19
<i>Reglugerð nr. 360</i>	
<i>Þjálfaranám listskauta ÍSS</i>	20
<i>Reglugerð nr. 365</i>	
<i>Þjálfarar í verkefnum á vegum ÍSS</i>	20
III. kafli: Afrekssjóður ÍSS	22
<i>Reglugerð nr. 400</i>	
<i>Afrekssjóður</i>	22
<i>Reglugerð nr. 401</i>	
<i>Úthlutunarreglur</i>	22

I. kafli: Almenn

Reglugerð nr. 100 Almenn um lög, reglur, reglugerðir og útgefin skjöl

Öll skjöl sem ÍSS gefur út eru reglur, reglugerðir eða lög.

Þetta á, meðal annars, við um *Mótahandbók*, *Grunnprófshandbók*, *Handbók starfsfólks á panel*, *Skautum Regnbogann*, *Viðmið í Handslíðshópa*, keppnisreglur, dómarablöð eða hver önnur þau skjöl sem gefin eru út og farið verður eftir við rekstur skautaiþróttanna.

Reglur og reglugerðir skal gefa út á íslensku. Skjöl sem gefin eru út af ÍSS á öðrum tungumálum, teljast ekki til eiginlegra reglna eða reglugerða. Útgáfudagur hvers skjals er sú dagsætning er innihald þess tekur gildi nema annað sé tekið fram. Alltaf skal fara eftir nýjasta skjalinu komi til ósamræmis milli skjala, þó geta engin útgefin skjöl breytt keppnisreglum. Allar gildandi reglur eru aðgengilegar aðildafélögum annað hvort á vefsíðu Skautasambandsins eða sameiginlegri efnisveitu.

Reglugerð nr. 110 Aðildar- og iðkendagjöld

Aðildarfélög ÍSS greiða aðildargjald til ÍSS sem er föst upphæð ákveðin af stjórn ÍSS. Gjaldldagi aðildargjalda er 1. september ár hvert.

Aðildargjaldið er aðgangur félaganna að grunnþjónustu ÍSS s.s. menntunar þjálfara, almennrar fræðslu og Skautum Regnbogann og varðar hinn almenna iðkanda.

~~Virkur iðkandi aðildarfélags ÍSS greiðir iðkendagjald til ÍSS sem er föst upphæð ákveðin af stjórn. Gjaldldagi iðkendargjalda er einu sinni á hvorri önn, 1. janúar og 1. júlí, ár hvert fyrir hvern virkan iðkanda. Aðildarfélög innheimta gjaldið og greiða til ÍSS.~~

Iðkendagjald er föst upphæð ákveðin af stjórn, greidd af iðkendum aðildarfélaga, innheimt af aðildarfélögum og skilað til ÍSS 1. júlí ár hvert. Iðkenda fjöldi hvers félags kemur fram í starfsskýrslu aðildarfélaga til ÍSÍ.

~~Virkur iðkandi telst sá sem hefur greitt gjald fyrir fulla önn.~~

Reglugerð nr. 111 Siðareglur ÍSS

ÍSS starfar eftir siðareglum ÍSÍ og ISU. Í samræmi við þær siðareglur setur stjórn siðareglur ÍSS.

Þessar siðareglur eiga við um stjórn ÍSS, aðildarfélög og stjórnir þeirra, starfsmenn, sjálfboðaliða, keppendur, þjálfara, foreldra og hvern þann sem kemur að viðburðum og starfsemi skautaiþróttanna og er þeim skylt að fara eftir þeim.

Kynntu þér og tileinkaðu þér siðareglur sem hér er að finna. Komdu fram af fullkomnum heilindum og láttu framkomuna endurspegla viðhorf þitt til grundvallarreglna og markmiða Skautasambands Íslands.

1. Lestu og kynntu þér reglur ÍSS og láttu framkomu og hegðun endurspegla þær.
2. Hafðu að leiðarljósi heiðarleika, hlutleysi og sanngirni í samskiptum.
3. Sýndu fordæmi með íþróttamannslegri hegðun og gagnkvæmri virðingu.
4. Á íþróttaviðburði er óheimilt að:
 - Neyta eða hafa í fórum sér fíkniefni

- Taka beint eða óbeint þátt/aðstoða við brot á lyfjareglum eða annarri brotlegri hegðun. Með slíkri hegðun er komið óorði á skautaiþróttir og sýnir að auki ungum einstaklingum slæmt fordæmi.
- 5. Sýndu ávallt virðingu gagnvart skauturum, þjálfurum, sjálfboðaliðum og starfsfólki. Meirihluti iðkenda er á mótunarárum sínum og skal því hafa aðgát í nærveru sálar að leiðarljósi.
- 6. Verandi hluti af íþróttaviðburðum tekur viðkomandi þátt í mótun og ímynd skautaiþróttar út á við og skal því haga sér eftir því. Viðkomandi gerir sér grein fyrir að hvort heldur sem jákvæð eða neikvæð orðræða og hegðun þ.m.t. á samfélagsmiðlum hefur áhrif á ímynd skautaiþróttar.
- 7. Ekki skal misbjóða virðingu og sanngirni einstaklinga á forsendum kynferðis, þjóðernis, kynþáttar, litarhafts, menningar, tungumáls, trúarbragða, kynhneigðar og skoðana.
- 8. Með öllu er óheimilt að taka við eða gefa gjafir ef verðmæti þeirra er umfram það sem eðlilegt getur talist. Að sama skapi er ekki heimilt að þiggja gjafir í skiptum fyrir greiða sem af hlýst brot á siðareglum.
- 9. Óheimilt er að stunda veðmál í tengslum við keppnishald eða viðburði sem tengjast skautaiþróttum.
- 10. Sýndu hlutleysi í samskiptum. Komi upp hagsmunarárekstur vegna máls sem tengist beint persónulegum málum skal viðkomandi draga sig úr umræðu, mati eða kosningu þess málefnis sem um ræðir.
- 11. Misnotaðu ekki stöðu þína og vald. Hvers kyns ofbeldi, andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt, verður ekki liðið.
- 12. Sérfræðingum innan ÍSS er heimilt að taka þátt í opinberri umræðu í fjölmiðlum ef umfjöllunin er hluti af stærri viðburði sem og ef viðkomandi gerir sér grein fyrir að mikilvægt er að ræða skautaiþróttir í jákvæðu og uppbyggilegu ljósi á hlutlausan hátt þar sem þess er gætt að ekki halli á einn fremur en annan.
- 13. Sem fulltrúi ÍSS og skautaiþróttar almennt gerir viðkomandi sér grein fyrir að gerist hann brotlegur á siðareglum ÍSS getur það haft áhrif á mat til frekara samstarfs.

Siðareglur byggja á heiðarleika og siðferði hvers einstaklings sem reglurnar eiga við um. Brot á siðareglum skal vísað til Stjórnar ÍSS til frekari skoðunar.

Einstaklingum sem hafa hlotið refsidóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 er óheimilt að starfa innan skautaiþróttar. Þetta gildir bæði um þá einstaklinga sem starfa sem sjálfboðaliðar og launþegar.

Reglugerð nr. 112 Lyfjæftirlit

Lyfjæftirlit Íslands sér um framkvæmd lyfjæftirlits meðal íþróttafólks á Íslandi. Lyfjæftirlitið starfar samkvæmt reglum Alþjóðalyfjæftirlitsstofnunarinnar, WADA.

Hlutverk lyfjæftirlits er fyrst og fremst að vernda hreint íþróttafólk og standa vörð um að íþróttir séu iðkaðar á jafnréttisgrundvelli.

Íþróttamaður sem keppir hvort heldur er innanlands eða á alþjóðavettvangi, má eiga von á að vera boðaður í lyfjapróf hvar og hvenær sem er. Lyfjæftirlitið getur verið framkvæmt á keppnisstað í tengslum við keppni, eða utan keppni, t.d. á æfingu eða heima hjá viðkomandi keppanda, án nokkurrar viðvörunar. Viðurkenndir lyfjæftirlitsaðilar sjá um framkvæmd eftirlitsins.

Íþróttamenn sem taka lyf að staðaldri þurfa að athuga hjá sínum læknum hvort að lyfin eða skammtastærð þeirra er óleyfileg samkvæmt WADA. Allir íþróttamenn þurfa að halda sér upplýstum um uppfærslur á bannlista WADA.

Allir sem koma að skautaiþróttum á Íslandi þurfa að lúta lyfjareglum Íþróttar og ólympíusambands Íslands, ÍSí, og Alþjóða skautasambandsins, ISU og WADA.

Reglugerð nr. 113 **Vanhæfi**

Stjórnar-/nefndarmanni ber að víkja úr sæti við meðferð og afgreiðslu mála þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að afstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Stjórnar-/nefndarmaður er vanhæfur til meðferðar máls:

- Sé hann aðili máls.
- Tengist málsaðila fjölskylduböndum.
- Ef aðstæður draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

Geri stjórnar-/nefndarmaður sér grein fyrir að hagsmunaárekstrar muni skapast skal hann vekja athygli á því. Honum er heimilt við meðferð máls sem vanhæfi hans nær til að gera grein fyrir afstöðu sinni.

Stjórnar-/nefndarmaður eða starfsmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundinn og þess getið í fundargerð.

Reglugerð nr. 114 - 119 frátekna

Reglugerð nr. 120 **Merkingar og auglýsingar**

Allar merkingar og auglýsingar á fatnaði skulu vera í samræmi við ISU reglu 102 í *Constitution and General Regulations*.

Þetta á við um alla íslenska keppendur og fylgdarlið þeirra.

Í keppnisferðir á vegum ÍSS skulu keppendur sem keppa á vegum ÍSS, þjálfarar og aðrir í fylgdarliði, eingöngu hafa merkingar og auglýsingar styrktaraðila ÍSS á fatnaði sínum

Reglugerð nr. 121 - 129 frátekna

Reglugerð nr. 130 **Skautari ársins**

Stjórn ÍSS veitir í árslok viðurkenningu til skautara þyki einhver hafa skarað fram úr á árinu. Hægt er að veita titil til konu, ~~og~~ karls og teymi og heita titlarnir „Skautakona“, ~~og~~ „Skautakarl“ og „Skautateymi“.

Teymi á við um allar greinar sem innihalda fleiri en einn einstakling.

Skautari skal vera a.m.k. 16 ára á árinu.

Valið fer fram í desember og veitir afreksnefnd stjórn ÍSS faglega ráðgjöf um valið.

Við ákvarðanatöku er meðal annars haft að leiðarljósi gengi á alþjóðlegum mótum, ÍSS mótum og/eða sambærilegum mótum á almanaksárinu ásamt íþróttamannslegri framkomu og jákvæðrar fyrirmyndar.

Reglugerð nr. 131 **Heiðursverðlaun og Heiðursmerki ÍSS**

Stjórn ÍSS getur veitt þeim Heiðursmerki ÍSS sem unnið hafa af atorku og dugnaði að vexti og viðgangi skautaiþróttar. Heiðursmerki ÍSS skal veita á Skautapingi eða við tilefni er stjórn ÍSS ákveður. Stjórn skal vera einróma um veitingu merkisins. Listi yfir Heiðursmerki ÍSS sem hafa verið gefin skal birta í skýrslu á Skautapingi ár hvert ásamt því að vera aðgengilegur á vefsíðu ÍSS. Mest má veita 4 heiðursmerki á ári.

Heiðursmerki ÍSS eru 3 talsins.

Silfurmerki ÍSS

Merki þetta er merki ÍSS úr silfri og má veita þeim sem hafa unnið ötult og óeigingjarnt starf í þágu skautaiþróttá á Íslandi í 10 ár. Þó getur stjórn ÍSS sæmt menn silfurmerki, ef sérstök ástæða þykir, án þess að 10 ára starfi sé náð. Einnig er hægt að sæma menn silfurmerki eftir langan feril sem landsliðsmaður og/eða landsliðsþjálfari.

Gullmerki ÍSS

Merki þetta er merki ÍSS úr gulli og má veita þeim sem hafa unnið ötult og óeigingjarnt starf í þágu skautaiþróttá á Íslandi í 20 ár. Þó getur stjórn ÍSS sæmt menn gullmerki, ef sérstök ástæða þykir, án þess að 20 ára starfi sé náð.

Heiðursstjarna ÍSS

Merki þetta er merki ÍSS á stjörnu í litum sambandsins með borða í íslensku fánalitunum.

Heiðursstjarna ÍSS er æðsta viðurkenning ÍSS og veitist aðeins undir sérstökum kringumstæðum þeim sem unnið hafa skautaiþróttum á Íslandi samfellt gagn megnið af uppvexti og starfsævi sinni. Heiðursstjörnu skal einnig fylgja sérstakt heiðursskjal.

Reglugerð nr. 132 – 199 frátekna

II.kafli: Nefndir ÍSS

Reglugerð nr. 200 Nefndir ÍSS og meðhöndlun skjala

Nefndir ÍSS skulu að lágmarki hafa 3 meðlimi: Fastir titlar eru formaður, varaformaður og ritari. Aðrir meðlimir eru meðstjórnendur. Stjórn ÍSS skipar hverri nefnd áheyrnarfulltrúa.

Stjórn skal kjósa skipar formenn nefnda og, í samráði við hann, samstarfsmenn hans aðra nefndarmenn. Heimilt er að bjóða sig fram í nefnd ef áhugi er fyrir hendi og ef viðkomandi uppfyllir inntökuskilyrði viðkomandi nefndar.

Skipað er í nefndir til eins árs í senn og skal starfstímabil þeirra vera keppnistímabilið. Ef nefndarmaður forfallast til lengri tíma skal nýr fulltrúi tilnefndur í hans stað af stjórn ÍSS, í samvinnu við formann viðkomandi nefndar.

Allar fastanefndir ÍSS skulu hafa stefnumótun og framþróun skautaiðþrótta að leiðarljósi.

Verkaskipting skal vera eftirfarandi:

Formaður:

- Sér um að boða fundi nefndarinnar og stjórna þeim.
- Er samstarfsaðili áheyrnarfulltrúa stjórnar ÍSS.
- Skal sitja fundi með stjórn ÍSS þegar tillögur nefndarinnar eru kynntar ef þess er óskað.
- Úthlutar verkefnum, stýrir fundum og fylgir eftir að verkefni séu fullkláruð áður en þau eru send til stjórnar.

Varaformaður: er staðgengill formanns í fjarveru hans.

Ritari: ritar fundi og sendir fundargerðir á nefndarmeðlimi og tengilið stjórnar innan við viku frá fundi.

Meðstjórnendur: Skulu vinna að stefnumótun mála og taka að sér verkefni sem þarfnast úrlausnar.

Áheyrnarfulltrúi stjórnar: ~~Hefur heimild til að sitja fundi nefndar sem áheyrnarfulltrúi en hefur ekki atkvæðarétt.~~ Skál vera boðaður á alla fundi nefnda og hefur málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. Áheyrnarfulltrúi upplýsir sína nefnd um allar ákvarðanir stjórnar er fjalla um verksvið nefndarinnar.

Ef einn eða fleiri nefndarmenn eru ekki íslenskumælandi skulu samskipti fara fram á ensku.

Nefndir skulu hittast reglubundið yfir tímabilið og sinna þeim málefnum sem falla undir verksvið þeirra á tilsettum skilafresti. Fundargerðir skulu ritaðar og sendast á nefndarmeðlimi innan við viku frá fundi. Tillögur nefnda skulu vera skriflegar og rökstuddar og sendast til stjórnar til yfirferðar og samþykktar. Hafi stjórn athugasemd við einhver atriði skal tillagan send aftur til frekari útskýringar og/eða rökstuðnings áður en hún er endanlega afgreidd. Fundur er ákvörðunarbær séu a.m.k. þrír nefndarmeðlimir viðstaddir.

Lýðræði gildir um störf nefndanna sem þýðir að meirihluti atkvæða kveður á um úrskurð, að öðrum kosti er hægt að gera grein fyrir séráliti til að koma öllum skoðunum á framfæri en ætíð skal skila meirihlutaáliti til stjórnar.

Öll skjöl sem byggð eru á tillögum nefndar skulu send nefndarmeðlimum til samþykktar áður en þau eru lögð fyrir stjórn og síðar birt opinberlega. Breytingatillögur er skarast milli nefnda skulu unnar í samráði milli nefnda áður en þær eru teknar fyrir hjá stjórn. Formleg samskipti milli nefnda skulu fara fram í gegnum formenn.

Nefndarmeðlimir skulu starfa eftir siðareglum ÍSS, ÍSÍ og ISU, sem og öðrum almennum reglum og reglugerðum ÍSS.

Fastanefndir ÍSS

ÍSS skal skipa eftirfarandi fastanefndir skv. 14.gr. laga:

- Mótanefnd
- Afreksnefnd - Listskautar

- Laganefnd
- Tækninefnd - Listskautar
- Fræðslunefnd

Aðrar nefndir ÍSS

Nefndir ÍSS er starfa að afmörkuðum verkefnum og hafa sérstakt skipunarferli skv. reglugerðum viðkomandi nefnda.

- Kjörnefnd
- Siðanefnd
- Skautahlaupsnefnd
- Aðrar nefndir sem stjórn skipar

Meðhöndlun skjala

Í samræmi við lög Persónuverndar skulu skjöl og önnur gögn sem eiga við um störf nefnda sem/og stjórnar ÍSS ætíð meðhöndlast sem trúnaðargögn og sem eign Skautasambandsins.

Nefndir hafa tölvupósta og geymslusvæði á sameiginlegu drifi þar sem samskiptum og gögnum skal haldið til haga. Óheimilt er með öllu að eyða gögnum eða samskiptum er varða starfsemina og almenna nefndarvinnu.

Gögn sem unnin eru á vegum nefnda eru eign Skautasambandsins og skulu nefndarmeðlimir sjá til að þau séu á gagnasvæðum Skautasambandsins við lok nefndarsetu.

Reglugerð nr. 201 Tækninefnd - Listskautar

Skipun Tækninefndar - Listskautar

Tækninefnd skal skipuð úr röðum dómara og tæknisérfræðinga er hafa landsréttindi eða hærri. Leitast skal eftir að að lágmarki einn nefndarmeðlimur hafi alþjóðleg dómara-/tæknidómararéttindi frá ISU. ~~Formaður skal kosinn af stjórn sem síðan velur sér nefndarmenn í samstarfi/samráði við stjórn.~~

Virkir iðkendur, stjórnarmenn eða starfsmenn félaga, aðrir en þjálfarar, geta ekki átt sæti í nefndinni. Starfi nefndarmeðlimur einnig sem þjálfari skal viðkomandi vera meðvitaður um siðareglur ÍSS þ.m.t. vanhæfi og aðskilnað dómara og þjálfara. Nefndin starfar eftir Afreksstefnu ÍSS.

Verkefni Tækninefndar - Listskautar

- Tæknileg framkvæmd móta:
 - o Yfirumsjón með uppfærslu á íslenskum keppnisreglum í dómakerfinu (~~ISU~~ FSmanager) og öðrum viðurkenndum keppniskefnum í upphafi keppnistímabils.
 - o Yfirumsjón með uppsetningu dómakerfa
 - o Staðfesting á uppsetningu dómara- og tæknipanela allra móta
 - o Fara yfir framkvæmd móta vetrarins og koma með tillögur til úrbóta eftir þörfum.
- Endurskoða keppnisreglur ~~og grunnpróf allra keppnisflokka sem og dómaraþlög fyrir lok hvers keppnistímabils.~~
- Uppfærsla á *Handbók starfsfólks á panel*.
- Yfirferð grunnprófa og Grunnprófshandbókar í samstarfi við fræðslunefnd.
- Aðstoða við skipulag og framkvæmd menntunar fyrir dómara, tæknidómara og aðra á panel. Námskeið skal haldið að lágmarki einu sinni á ári.
- Yfirfara viðmið í landsliði í samráði við Afreksnefnd.
- Verkefni sem stjórn ÍSS felur nefndinni eða sem nefndin tekur upp af sjálfsdáðum og tengist eðli nefndarinnar.

Reglugerð nr. 202 Fræðslunefnd

Skipun Fræðslunefndar

Nefndin skal skipuð aðilum með menntun eða reynslu sem nýtist starfi nefndarinnar. Þekking á þjálfun skautaíþróttar er kostur.

Virkir iðkendur, stjórnarmenn eða starfsmenn félaga, aðrir en þjálfarar, geta ekki átt sæti í nefndinni.

Verkefni Fræðslunefndar

Nefndin sér um menntun fagfólks á sviði þjálfunar og almenna fræðslu og útbreiðslu skautaíþróttar, s.s. námskeiðshald og fyrirlestra.

Nefndin vinnur að málefnum varðandi prófakerfi ÍSS m.a. Skautum regnbogann, grunnprófum og uppfærslu *Grunnprófshandbókar*.

- Endurskoðun á kerfinu Skautum regnbogann.
- Skipulagning þjálfaranáms og framkvæmd. Námskeið skal haldið að lágmarki annað hvert ár og utanumhald á *Námsskrá þjálfaranáms*.
- Yfirferð grunnprófa og *Grunnprófshandbókar* í samstarfi við tækninefnd.
- Fræðsla í skautaíþróttum til handa þjálfurum, stjórnarfólks, forráðamanna og iðkenda.
- Útbreiðsluverkefni skautaíþróttar s.s. fræðsludag, fræðsluverkefni o.þ.h.

Reglugerð nr. 203 Afreksnefnd - Listskautar

Skipun Afreksnefndar - Listskautar

Afreksnefnd skal skipuð einstaklingum sem hafa viðamikla þekkingu á sviði afreksmála, þjálfunar eða dómgæslu.

Virkir iðkendur, stjórnarmenn eða starfsmenn félaga, aðrir en þjálfarar, geta ekki átt sæti í nefndinni. ~~Nefndarmenn skulu ekki koma að þjálfun iðkenda sem nefndin fjallar um eða á afreksstigi.~~ Hlutleysi meðlima gagnvart þeim einstaklingum sem verkefnin beinast að þarf að vera til staðar og því mega þeir ekki koma að daglegri þjálfun þess hóps skautara sem um ræðir.

Nefndin vinnur eftir Afreksstefnu ÍSS og útgefnum viðmiðum ÍSS um val í landsliðshópa. Nefndin getur tekið afstöðu ef upp koma veikindi, slys eða aðrar gildar ástæður sem aftra skauturum að uppfylla kröfur um þátttöku á mótum sem notuð eru til viðmiða í landsliðshóp. ~~Öllum vottorðum um slík forföll skal komið til nefndarinnar til yfirferðar og umfjöllunar og sendast á afreksnefnd@iceskate.is.~~

Verkefni Afreksnefndar - Listskautar:

- Staðfesting, eftirfylgni og utanumhald á viðmiðum og árangri skautara í ~~afreksból og afreksfna~~ með reglulegri yfirferð á protocolum.
- Val á landsliði/íþróttamönnum í verkefni á vegum ÍSS þ.m.t ISU mót sem og námskeið sem sent er á á vegum ÍSS.
- Fjalla um og samþykkja þátttökurétt keppenda á mót sem þeir óska eftir að taka þátt í.
- Fulltrúi frá Afreksnefnd skal vera viðstaddur öll mót á vegum Skautasambands Íslands á hverju tímabili.
- Tillaga á Val á skautara skauturum/teymi ársins, skal skilast árlega til stjórnar ~~viku~~ eftir Íslandsmót.
- Endurskoðun á viðmiðum ÍSS.
- Stefnumótun afreksmála ÍSS, í samvinnu við stjórn ÍSS.
- Skýrsluskil til stjórnar í lok keppnistímabils skv. Afreksstefnu ÍSS
- Önnur verkefni sem stjórn ÍSS felur nefndinni eða sem nefndin tekur upp af sjálfsdáðum og tengist eðli nefndarinnar.

Niðurstöðum nefndarinnar ásamt rökstuðningi skal haldið til haga í skýrslu og komið til stjórnar ÍSS til staðfestingar. Purfi að víkja frá útgefnum viðmiðum ber að rökstyðja niðurstöðu nefndarinnar í skýrslunni.

Verkefni Afreksnefndar snúa fyrst og fremst að einstaklings og para listskauturum. Þegar aðrar sérgreinar bætast við munu verkefni og vinna nefndarinnar vera aðlöguð að breyttu landslagi.

Reglugerð nr. 204 Mótanefnd

Skipun Mótanefndar

Nefndin er opin þeim sem hafa áhuga til að koma að vinnu mótamála, ~~þó ekki stjórnarmenn eða starfsfólk félaga.~~ Að auki skal hvert aðildarfélag skipa mótstjóra fyrir hvert keppnistímabili eigi síðar en 1. júlí ár hvert. Mótstjórar þessir eru tengiliðir milli mótanefndar ÍSS og aðildarfélags síns ásamt því að aðstoða við mönnun sjálfboðaliða á alþjóðlegum mótum á vegum Skautasambands Íslands.

~~Mótanefnd ÍSS skipar eftirlitsaðila á mótum og er sá fulltrúi viðstaddur á meðan á móti stendur.~~

Verkefni Mótanefndar:

- Hafa eftirlit með framkvæmd á öllum mótum á Íslandi og yfirumsjón með öllum ÍSS mótum.
- Árleg endurskoðun og uppfærsla útgefinna gagna um mótamál s.s. *Mótahandbók, Leiðbeiningar fyrir kynni* og öðrum gögnum er innihalda reglur um mótahald á Íslandi.
- Sjá til þess að aðildarfélög tilkynni mótahald til ÍSS, skili mótaskýrslum og að mót fari fram í samræmi við Mótahandbók ÍSS.
- Mótanefnd skilar heildarskýrslu fyrir mótahald keppnistímabilsins til stjórnar ÍSS í lok tímabilsins, eigi síðar en 1. júní ár hvert.
- Sjá um árlegt námskeið fyrir mótshaldara og mótstjóra aðildarfélaga.

Reglugerð nr. 205 Laganefnd

Skipun Laganefndar

Nefndarmenn skulu hafa viðamikla þekkingu á starfsemi skautaþróttar.

Verkefni Laganefndar

Nefndin vinnur að endurskoðun laga og reglugerða ÍSS og annarra opinberra skjala til samræmingar og/eða leiðréttingar. Laganefnd skal einnig sjá um að semja tillögur til laga- og/eða reglugerðabreytinga. Laganefnd skal yfirfara öll skjöl, er innihalda reglur, og koma með tillögur að úrbótum ef þurfa þykir. Stjórn skal upplýsa nefndina um öll þau skjöl sem gefin eru út.

Allar tillögur að reglugerðabreytingum skulu rökstuddar og lagðar fyrir stjórn til endanlegrar umfjöllunar.

Laganefnd getur, ef ástæða er til, skilað álitum um einstakar og augljósar villur í lögum og/eða Afreksstefnu ÍSS sem gætu orðið tilefni til deilna eða mistúlkunar.

Nefndin skal skila álitsgerð og tillögum að lagabreytingum til stjórnar ÍSS að minnsta kosti fjórum vikum fyrir skautabþing.

Reglugerð nr. 206 - 219 frátekna

Reglugerð nr. 220 Kjörnefnd

Skipun Kjörnefndar

Kjörnefnd og formaður hennar eru skipuð af stjórn ÍSS eigi síðar en 1. febrúar ár hvert skv. 7. grein laga og starfar eftir siðareglum ÍSS og ISU. Nefndin skal koma saman 2-3 sinnum fram að þingi til að skipuleggja starf sitt.

Hvert aðildarfélag skal eiga fulltrúa í nefndinni.

Verkefni Kjörnefndar

Hlutverk kjörnefndar er að taka á móti framboðum í stjórn og varastjórn ÍSS. ~~og er eftirlitsaðili kosninga á skautabingi.~~

- Í upphafi starfstíma gefur kjörnefnd út auglýsingu um framboð til stjórnar og varastjórnar sem gefin er út á vefsíðu ÍSS sem og sent til aðildarfélaga.
- Berist ekki framboð innan tilskilins frests hefur nefndin heimild til að framlengja framboðsfrest. Miða skal við að framlenging framboðsfrests sé 10 dagar.
- Nefndin skal halda utan um framboð. Senda skal út stutta lýsingu á umræddum frambjóðendum fyrir aðildarfélög þegar seinna fundarboð er sent út.
- Fari svo að framboð berist ekki skal nefndin vinna að því að finna framboð til stjórnar.

Nefndin fær til umráða netfangið kjornefnd@iceskate.is Allar auglýsingar og gögn sem send eru út frá kjörnefnd skulu gerð í samráði við skrifstofu sambandsins.

Reglugerð nr. 221- 224 fráteknar

Reglugerð nr. 225 Siðanefnd

Skipun Siðanefndar

Stjórn ÍSS skipar siðanefnd sem hefur að lágmarki þrjá nefndarmenn. Sá sem veitir siðanefnd forstöðu skal hafa menntun og reynslu sem nýtist honum í þeim verkefnum sem nefndin ber ábyrgð á, aðrir nefndarmenn skulu hafa menntun og/eða reynslu sem nýtist í starfi.

Virkir iðkendur, stjórnarmenn eða starfsmenn félaga geta ekki átt sæti í nefndinni. Hlutleysi nefndarmanna gagnvart þeim einstaklingum er mál beinast að þarf ávallt að vera til staðar. Komi upp að nefndarmaður reynist vanhæfur í tilteknu máli skal tímabundið skipa annan hæfan einstakling. Ávalt skulu a.m.k. þrír nefndarmenn koma að ákvarðanatöku.

Verkefni Siðanefndar

Nefndin vinnur eftir útgefnum siðareglum ÍSS, ÍSÍ og ISU. Nefndin skal endurskoða siðareglur ÍSS árlega, fjalla um meint brot á siðareglum, kynna siðareglur innan ÍSS og veita ráðgjöf um túlkun og umgengni siðareglna til stjórnar ÍSS og aðildarfélaga þess.

Komi upp mál innan aðildarfélaga ÍSS geta þeir hlutaðeigandi leitað til siðanefndar varðandi málsmeðferð, endanleg niðurstaða skal þó vera á ábyrgð viðeigandi stjórnenda.

Ráðgjafahlutverkið felur í sér:

Að beina erindum í viðeigandi farveg eftir eðli þeirra.

Að veita stjórnnum aðildarfélaga og málsaðilum ráðgjöf um erindi sem varða siðareglur.

Að veita stjórn ÍSS ráðgjöf, taka til efnislegrar umfjöllunar og veita álit á erindum sem ekki verða leyst eftir öðrum leiðum innan aðildarfélaganna eða ÍSS.

Erindi um meint brot á siðareglum skulu berast nefndinni skriflega á sidanefnd@iceskate.is. Siðanefnd metur hvort erindi varði fyrst og fremst við siðareglur. Varði erindi fyrst og fremst aðrar reglur, leiðbeinir nefndin um viðeigandi farveg. Þá getur nefndin vísað tilhæfalausum erindum frá sem og erindum sem varða meint brot á lagareglum sem hægt er að bera undir úrskurð stjórnvalda eða dómstóla.

Taki siðanefnd erindi til efnislegrar meðferðar veitir nefndin álit um hvort siðareglur hafi verið brotnar. Í þeim tilfellum starfar nefndin samkvæmt þeim reglum sem fara hér á eftir:

Formaður siðanefndar upplýsir formann ÍSS reglulega um störf nefndarinnar. Starf siðanefndar skal, eftir því sem við á, taka mið af meginreglum um óhlutdrægni og vandaða málsmeðferð, m.a. hvað varðar stöðu málsaðila og tillit til hagsmuna þeirra. Er í því efni vísað til meginreglna stjórnarsýsluréttar um meðferð mála sem miða að því að tryggja vandaða og málefnalega umfjöllun um hvert mál.

Til þess að tryggja hagsmuni málsaðila skal siðanefnd fara með málsgögn og álit þess sem trúnaðarmál. Nefndin tekur ekki mál til meðferðar að eigin frumkvæði.

Álit siðanefndar skal vera rökstutt og afdráttarlaust um það hvort farið hafi verið í bága við siðareglur ÍSS. Náist ekki skýr niðurstaða, vegna skorts á upplýsingum, skal erindinu vísað frá.

Siðanefnd mælir ekki fyrir um viðurlög, en skal taka afstöðu til alvarleika umræddrar háttsemi.

Reglugerð nr. 226- 229 fráteknar

Reglugerð nr. 230

Skautahlaupsnefnd

Skipun Skautahlaupsnefndar

Nefndarmenn skulu hafa viðamikla þekkingu á starfsemi skautahlaups.

Verkefni Skautahlaupsnefndar:

- Vinna að mótahaldi í skautahlaupi í samstarfi við Mótanefnd.
- Vinna að afreksstefnu í skautahlaupi.
- Vera Laganefnd ráðgefandi varðandi lög og reglugerðir er viðkoma skautahlaupi.
- Endurskoða keppnisreglur allra keppnisflokka fyrir lok hvers keppnistímabils.
- Vera Fræðslunefnd innan handar varðandi menntun þjálfara og fræðslu í skautahlaupi.
- Stefnumótun skautahlaups í samvinnu við stjórn ÍSS.
- Skýrsluskil til stjórnar í lok keppnistímabils.
- Önnur verkefni sem stjórn ÍSS felur nefndinni eða sem nefndin tekur upp af sjálfsdáðum og tengist eðli nefndarinnar.

Reglugerð nr. 231- 299 fráteknar

III. kafli: Mót og starfsfólk skautaþróttar

Reglugerð nr. 300 Mót

ÍSS skilgreinir allt mótahald á Íslandi og hefur mótanefnd ÍSS umsjón með að það sé í samræmi við reglur.

Mót eru skipulagðar keppnir á skautum þar sem keppendur eru dæmdir og verðlaun eða viðurkenningar eru veittar. Við mótahald skal að öllu leyti fara eftir mótahandbók.

Meðferð kærumála vegna móta fer eftir reglu 123 í *ISU Constitutions and General Regulations*. Gjaldtaka vegna kæra á mótum á Íslandi, annarra en alþjóðlegra móta, fer eftir gjaldskrá ÍSS.

ÍSS fylgir að auki Móta- og keppendareglum ÍSÍ og ISU.

Mót á Íslandi skiptast í eftirfarandi flokka: Alþjóðleg mót á lista ISU (Open International Competition) , Alþjóðleg millifélagamót (Interclub), ÍSS mót, Alþjóðleg Special Olympics (SO) mót, Adaptive Skating (AS) mót, millifélagamót og innanfélagsmót.

Aðildarfélagi ber skylda til þess að tilkynna til Mótanefndar ætli það að halda innanfélags og/eða millifélagamót, skv. Mótahandbók. Óski félag eftir að halda alþjóðlegt millifélagamót ~~þar sem erlendur félögum er boðin þátttaka~~ skal sækja um slíkt til ÍSS með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara.

ÍSS gefur út mótaskrá fyrir hvert tímabil.

Reglugerð nr. 301 Keppnis- og keppendareglur

Keppnistímabilið er frá 1. júlí til 30. júní, sbr. reglur ISU og skal aldursskipting í keppnisflokka miðast við aldur keppenda 1. júlí.

ÍSS skilgreinir keppnisflokka á Íslandi og gefur út keppnisreglur ~~annarra flokka en skilgreindra ISU flokka.~~

Keppniskerfinu er skipt upp í eftirfarandi leiðir: Keppniskerfi ÍSS, Keppniskerfi félaga, Special Olympics (SO) og Adaptive Skating (AS).

Til að öðlast þátttökurétt á ÍSS mótum þarf keppandi að vera félagsbundinn aðildarfélagi ÍSS og uppfylla keppniskröfur hverrar keppnisgreinar. Einungis má keppa í einum aldursflokki á hverju móti fyrir sig.

Keppnisreglur - Listskautar

Keppnisreglur skulu yfirfarnar af tækninefnd í samræmi við reglugerð um viðeigandi tækninefnd.

Keppnisreglur - Skautahlaup

Keppnisreglur skulu yfirfarnar af Skautahlaupsnefnd í samræmi við reglugerð um Skautahlaupsnefnd.

Reglugerð nr. 302 Gild mót

Öll mót ÍSS, alþjóðleg á lista ISU (e. International) og ISU mót, eru *gild* mót þ.e. prótokol þessara móta eru tekin gild til meta, afreka, viðmiða eða skylduæfinga grunnprófa.

Önnur mót en þau sem skilgreind eru hér að ofan geta verið tekin gild fullnægi þau skilyrðum og er hægt að sækja sérstaklega um slíkt mat vegna viðmiða og/eða grunnprófa. Nánara regluverk er að finna í Viðmiðum og Grunnprófshandbók.

Uppfylli mót skilyrðin verða möguleg met og afrek staðfest.

Reglugerð nr. 303 Félagaskipti

Reglur um félagaskipti eiga við um keppendur í öllum keppnisflokkum í ÍSS keppnislínu. Tilkynna þarf félagaskipti til ÍSS og má finna eyðublað um félagaskipti á heimasíðu ÍSS.

Iðkandi skal sýna fram á að hann hafi verið skráður í nýtt félag a.m.k. fjórum vikum fyrir keppni og vera skuldlaus við það félag sem hann fer frá áður en félagaskipti eru staðfest. Það er á ábyrgð iðkandans eða forráðamanna hans að félagaskiptin fari rétt fram.

Hafi reglum um félagaskipti ekki verið fylgt getur það varðað keppnisrétt viðkomandi.

Reglugerð nr. 304 - 309 fráteknar

Reglugerð nr. 310 Um Íslandsmeistaratitil

Á Íslandsmóti skal keppt um **Íslandsmeistaratitil** í eftirfarandi keppnisflokkum innan listskauta: Advanced Novice, Junior og Senior og innan skautahlaups: Junior og Senior. Íslandsmeistari getur eingöngu orðið skautari sem keppir fyrir aðildarfélag ÍSS, samkvæmt Móta- og keppendareglum ÍSÍ.

Komi til þess að fella þurfi niður Íslandsmeistaramót vegna óviðráðanlegra aðstæðna þá hefur stjórn ÍSS heimild til þess að ákveða hvort eða hvenær skuli veita Íslandsmeistaratitil.

Komi til þess að færri en þrír(3) skautarar/pör/lið eru skráð til keppni í tiltekinni keppnisgrein er hægt að veita Íslandsmeistaratitil á móti sem fer fram utan Íslands. Mótið þarf að vera valið og samþykkt af ÍSS.

Reglugerð nr. 311 Bikarmótaröð

Bikarmótaröð er röð ÍSS móta þar sem félög með keppendur í ÍSS-línu í listskautum safna stigum og krýndur er Bikarmeistari á síðasta mótinu í lok mótaraðarinnar.

Félag er hlýtur flest stig verður bikarmeistari mótaraðar og tekur lið þess á móti bikarnum í lok móts.

Þau mót sem falla undir Bikarmótaröð eru tilkynnt af ÍSS í upphafi keppnistímabils. Bikarmeistari verður krýndur á síðasta móti mótaraðarinnar.

Komi til þess að fella þurfi niður mót í Bikarmótaröð vegna óviðráðanlegra aðstæðna getur stjórn ÍSS ákveðið tímabundnar breytingar á reglum um Bikarmótaröð svo krýna megi bikarmeistara.

Stigagjöf og birting úrslita

Stig eru gefin í hverjum þeim keppnisflokki er hefur keppendur á viðkomandi móti frá ~~öllum~~ a.m.k. þremur aðildarfélögum. Stig eru gefin til þess skautara er efst kemur frá hverju félagi fyrir sig. Einum frá hverju félagi. Félagið safnar stigum í bikarmótaröðinni yfir árið í þeim flokkum sem ~~öllum~~ a.m.k. þrjú félög taka þátt í.

Séu ekki keppendur frá öllum a.m.k. þremur félögum í neinum keppnisflokkum á einstöku móti innan Bikarmótaraðar skulu stig reiknuð í þeim keppnisflokkum þar sem einungis vantar eitt félag. Stig sem gefin eru:

<u>Adv. Novice, Junior, Senior</u>	<u>15 stig</u>	<u>13 stig</u>	<u>11 stig</u>
<u>Basic Novice, Int. Novice, Int. Women/Men</u>	<u>11 stig</u>	<u>9 stig</u>	<u>7 stig</u>

~~15 stig, 13 stig, 11 stig.~~ Séu þátttökufélög fleiri en þrjú skulu gefin stig með tveggja stiga millibili (9 stig, 7 stig, o.s.frv.).

Birting og ut anumhald úrslita skal vera á forsvari skrifstofu ÍSS og vera opinber á heimasíðu ÍSS.

Fyrirkomulag verðlaunaafhendingar má finna í Mótahandbók.

Bikar

Bikarmótaröð fylgir farandbikar, veggplatti og eignarbikar.

Farandbikarinn fær það félag sem sigrar bikarmótaröðina hverju sinni til varðveislu. Á bikarnum skal standa „Bikarmeistari ÍSS“. Bikarinn skal varðveittur á áberandi en öruggum stað í félagi bikarmeistara í eitt ár. Koma skal bikarnum til ÍSS a.m.k. mánuði fyrir lokamót bikarmótaraðarinnar. Félag bikarmeistara ber fulla ábyrgð á bikarnum á meðan hann er í þeirra vörslu og bætir skemmdir á honum verði þær einhverjar.

Veggplatti er varðveittur á skrifstofu ÍSS. Á honum skal standa Bikarmeistarar ÍSS. Árlega skal láta grafa nafn félags og ártal er það verður bikarmeistari á lítinn skjöld sem festur er á veggplattann eftir lok bikarmótaraðar.

Bikarmeistari hvers árs fær minni bikar til eignar. Skal grafið á hann „Bikarmeistari ÍSS“ og ártal.

Reglugerð nr. 312 - 319 fráteknar

Reglugerð nr. 320 Skautum regnbogann

Skautum regnbogann er kerfi fyrir skautaskóla til eflingar á grunnskautun í umsjón skautafélaga landsins en yfirumsjón er í höndum Skautasambands Íslands.

Kennsla í kerfinu fer fram hjá skautafélögunum og byggist á hópkennslu sem framkvæmd er af þjálfurum sem hafa lokið að lágmarki þjálfararéttindum á fyrsta stigi.

Skautum regnbogann skiptist í 7 stig. Hægt er að fara í gegnum stigin óháð tíma eða röð í samráði við þjálfara.

Reglugerð nr. 321 Grunnpróf

Undanfari grunnprófa ÍSS er Skautum Regnbogann. Áður en skautari getur þreytt grunnpróf skal hann að hafa lokið öllum stigum Skautum Regnbogans.

Standast þarf grunnpróf í viðkomandi keppnisflokkum til þess að geta keppt í keppnislínu ÍSS.

Skautasamband Íslands gefur út *Handbók um Grunnpróf* og skal framkvæmd grunnprófa vera í samræmi við hana.

Dómarar, tæknistjórnendur (TC) og tæknisérfræðingar (TS) skulu hafa réttindi skv. *Handbók fyrir starfsfólk á panel*.

Dómarablöð grunnprófa eru formleg prófgögn ÍSS.

Reglugerð nr. 322 - 329 fráteknar

Reglugerð nr. 330 Dómarakerfi og tæknibúnaður

ÍSS notar eftirfarandi dómarakerfi:

- International Judging System (IJS), alþjóðadómarakerfi ISU
- Dómarakerfi Félagalínu
- Dómarakerfi SO og AS
- Alþjóða dómarakerfi SO

Útfærslur dómarakerfa fara eftir umfangi móts og hvaða kerfi er verið að nota. Dómarakerfin skiptast í **Kerfi A, B, C, D og E**, eftir því hvernig tæknibúnað þarf og hvernig panell skal mannaður (sjá reglugerð 331 og 332).

ÍSS mannar dómarapanel á öllum ÍSS mótum. Millifélaga og innanfélagsmót félaganna eru mönnuð af mótshaldara.

Mótshaldari útvegar sjálfbóðaliða fyrir myndbandsvél og tímavörslu skv. reglum ISU.

Skilgreining dómarakerfa.

Kerfi A

ÍSS notar tölvukeyrt dómarakerfi frá ISU. Tölvukerfið ber heitið ISU Judging System (IJS) og er notað í keppnisflokkum ÍSS keppnislínu og á alþjóðlegum mótum Special Olympics (sjá kerfi E). Upplýsingar um kerfið má finna á www.isujudgingsystem.com <https://www.swisstiming.com/sports/figure-skating/>. Í **Kerfi A** er allt tölvukerfið notað. Þó er hægt að notast við dómgæslu á pappír sé þess þörf.

Tæknibúnaður	Starfsmenn	Úrslit
Allt tölvukerfi notað*	• Yfirdómari/Referee • 2-5 Dómarar • 1 Tæknistjórnandi (TC) • 2 Tæknisérfræðingar (TS) • 1 Gagnainnsláttur (DRO) • 1 Vídeóklippari (DRO) • 1-2 Tæknimenn, eftir þörfum • Sjálfbóðaliðar á myndbandsvél (útvegað af félagi) • Tímaverðir (útvegað af félagi)	• ISU — Cale FSmanager • Yfirdómari • TC

*Hægt er að keyra mót á pappír ef þörf krefur.

Kerfi B

Er notað á millifélaga og/eða innanfélagsmótum fyrir keppnisflokka ÍSS keppnislínu. Þegar kerfi B er notað þarf að senda staðfestingu um að kerfið hafi verið uppfært með nýjustu uppfærslu til tækninefndar ÍSS. Þetta þarf að gera áður en dómaraþanell er mannaður mót hefst.

Dæmt er á pappír og reiknimeistarar og hlauparar notaðir. Prenta skal út dómaraþanell úr ~~Excel~~ FSmanager fyrir dómara. Úrskurðir dómara eru síðan færðir inn í IJS kerfið af reiknimeisturum. Hægt að leigja höfuðtöl fyrir panel á millifélagamótum/innanfélagsmótum. Prentari þarf að vera á staðnum til að hægt sé að prenta úrslit og prótocol til upphengingar fyrir verðlaunaafhendingu.

Tæknibúnaður	Starfsmenn	Úrslit
- tölva - prentari - heyrnartól (hægt að leigja)	- Yfirdómari/Referee 2-5 Dómarar - Tæknistjórnandi (TC) og Tæknisérfræðingur (TS) / 2 Tæknisérfræðingar (TS)* 2 Reiknimeistarar - Tímavörður - Hlauparar	ISU – Excel <u>FSmanager</u> - Reiknimeistari - Yfirdómari - TC (eða TS þar sem eingöngu er TS)

* Á Innanfélagsmóti nægir hafa 1 Tæknistjórnanda EÐA 1 Tæknisérfræðing.

Kerfi C

Í keppnisflokkefnum félaganna er notast við Dómarakerfi félaganna. Kerfið er keyrt á Excel forriti. Stjórnuspjöld eru prentuð út úr kerfinu og afhent keppendum í verðlaunaafhendingu. Fartölva og prentari þurfa að vera á panel. Úrslit skal hengja upp fyrir verðlaunaafhendingu.

Tæknibúnaður	Starfsmenn	Úrslit
- tölva (á panel)* - prentari (á panel)	- Yfirdómari/Referee 2 Dómarar	- Dómarakerfi félaganna - Yfirdómari

Kerfi D

Þar sem keppnisflokkar Special Olympics og Adaptive Skating keppa er notast við Stjörnukerfi SO/AS.

Tæknibúnaður	Starfsmenn	Úrslit
	- Yfirdómari/Referee 2 Dómarar	Yfirdómari

Kerfi E

Keppnisflokkar Special Olympics nota IJS kerfið á alþjóðlegum mótum með sérstakri uppfærslu. Sjá kerfi A með uppfærslu Special Olympics. Senda þarf staðfestingu um að kerfið hafi verið uppfært með nýjustu uppfærslu til tækninefndar ÍSS.

Tæknibúnaður	Starfsmenn	Úrslit
Allt tölvakerfi notað*	- Yfirdómari/Referee 2-5 dómara - Tæknistjórnandi (TC)	ISU – Excel <u>FSmanager</u> - Yfirdómari

	• 2 Tæknisérfræðingar (TS) • Gagnainnsláttur (DRO) • Vídeóklippari (VRO ef upptökukerfi er notað - Video Replay System) • Sjálfboðaliðar á myndbandsvél - ef þarf (útvegað af félagi) • Tímaverðir (útvegað af félagi)	• TC
--	--	--

*Hægt er að keyra mót á pappír ef þörf krefur.

Reglugerð nr. 331 Starfsfólk dómara- og tæknipanels - Listskautar

Allir starfsmenn sem sitja á dómara- og/eða tæknipanel á mótum á Íslandi fyrir hönd ÍSS eru menntaðir af ÍSS skv. reglum ISU og ÍSS eða eru staðfestir af sínu landssambandi.

Allir dómarar, tæknistjórnendur/-sérfræðingar og tæknifólk þurfa að kunna góð skil á þeim kerfum sem réttindi þeirra segja til um og afla sér reglulega upplýsinga um breytingar hafi þær átt sér stað. Byrjendur skulu sitja sem æfingadómarar.

Dómarar, tæknistjórnendur/-sérfræðingar skulu hafa góð tök á enskri tungu bæði í riti og máli, temja sér góðan samskiptamáta og geta starfað í hópi undir álagi.

Dómarar, tæknistjórnendur/-sérfræðingar, sem fá boð um að starfa á mótum erlendis ber að láta ÍSS vita um leið og slíkt boð berst. ÍSS getur farið fram á að mót á vegum sambandsins sé tekið fram yfir mót erlendis.

Dómarar og tæknistjórnendur/-sérfræðingar skulu skila skýrslu um störf sín til ÍSS fyrir 15. júní árlega.

Reglur um námskeið, stigakerfi og vinnuskyldu starfsfólks á panel eru gefnar út í *Handbók starfsfólks á panel*.

Reglugerð nr. 332 - Listskautar Starfsfólk panels á mótum

Mót á Íslandi skulu mönnuð menntuðu starfsfólki skv. töflum að neðan allt eftir því hvernig dómakerfi er notað, sjá reglugerð 330.

Starfsfólk menntað erlendis skal hafa réttindi frá sínu heimalandi til samræmis við töfluna.

Aðildarfélög þurfa að fá mönnun móts samþykkt af Dómara og tækninefnd ÍSS áður en mótstilkynning er gefin út.

Tegund móts	Réttindi					
	TC	<u>TS1</u>	<u>TS2</u>	DRO	REF	Judge
International Junior/Senior ¹	Int.	Int.	Int.	Int.	Int.	Int.
International Advanced Novice ²	Lands	Lands	Lands	Lands	Lands	Lands

¹ ISU Special Regulations and Technical Rules

² Skv. Guidelines for International Novice Competitions

Interclub	Lands	Lands	Lands	Lands	Lands ³	Lands
Íslandsmeistaramót	Lands	Lands	Lands	Lands	Lands ³	Lands
Íslandsmót barna og unglunga	ÍSS ⁴	Lands ⁴	ÍSS ⁴	Grunn	ÍSS	ÍSS ⁴
ÍSS mót (ISU flokkar)	ÍSS	Lands	ÍSS	Lands	Lands	ÍSS
ÍSS mót (ÍSS flokkar)	Grunn	ÍSS ⁴	Grunn	Grunn	ÍSS	ÍSS ⁴
Innanfélags- og millifélaga (ISU flokkar)	Grunn	ÍSS	Grunn	Grunn	ÍSS	ÍSS
Innanfélags- og millifélaga (ÍSS flokkar)	Grunn	Grunn	Grunn	Grunn	ÍSS	Grunn
Innanfélags- og millifélaga (Félagalína)		Grunn ⁵ (Tækni)		Grunn ⁵ (Innsláttur)	Grunn	Grunn
SO/AS					Grunn ⁶	Grunn ⁶
	TC/TS					
	Lands				Lands: dómara + GR	Lands + GR
Grunnpróf (ISU flokkar)					Lands: dómara + GR	ÍSS ⁴ + GR
Grunnpróf (ÍSS flokkar)	ÍSS ⁴				Lands: dómara + GR	ÍSS ⁴ + GR

Réttindi skráð í töflu fyrir REF eiga við um yfirdómararéttindi og TC um tæknistjórnendaréttindi, ekki dómaraaréttindi nema annað sé tekið fram.

Réttindi skráð í töflu fyrir TS1 og TS2 eiga bæði við réttindi tæknisérfræðinga.

GR = Grunnprófsréttindi

Hægt er að sækja um undanþágu til Tækninefndar til að nota einstakling með lægri réttindi en krafist er.

Í undantekningartilfellum má TS með landsréttindi starfa sem TC og öfugt (TC sem TS) á mótum á lægra stigi en Íslandsmóti.

Reglugerð nr. 333 - 335 fráteknar

Reglugerð nr. 336

Starfsfólk á panel í verkefnum á vegum ÍSS

Þegar starfsfólk á panel er valið í verkefni á vegum ÍSS skal það uppfylla þær kröfur sem verkefnið krefst.

Ef fleiri en eitt samskonar verkefni eru í boði er þeim skipt á milli einstaklinga.

Stjórn skal m.a. hafa í huga starfsaldur og reynslu. Vinnuframlags síðasta tímabils t.d. á ÍSS mótum, grunnprófum, nefndar- eða vinnuhópastarfi, námskeiðshaldi, frumkvæði í starfi og aðstoð við aðildarfélög. Og áhuga viðkomandi fyrir því verkefni sem um ræðir.

Reglugerð nr. 337 – 359 fráteknar

³ Auk International réttindi dómara

⁴ Má vera með næstu réttindi fyrir neðan í flokkum Chicks og Cubs

⁵ TS/DRO hefur tekið námskeið í dómgæslu Félagakerfis

⁶ Eða mikil reynsla í dómgæslu SO/AS flokka

Reglugerð nr. 360
Þjálfaranám listskauta ÍSS

ÍSS hefur umsjón með menntun skautabjálfa á Íslandi. Námið er stiganám þar sem gert er ráð fyrir starfsnámi á milli stiga. ÍSS gefur út *Námskrá sérgreinahluta*.

Við ~~upphaf~~ lok náms í hverju stigi þarf þjálfaraefni að hafa lokið samsvarandi stigi þjálfaranáms ÍSS.

Þjálfarar skulu hafa gilt skyndihjálparskírteini á meðan þeir starfa.

Þjálfarar sem menntaðir eru utan Íslands þurfa að skila upplýsingum um menntun og starfsreynslu áður en þeir geta sótt um verkefni á vegum ÍSS.

Réttindi	Þjálfari 1	Þjálfari 2	Þjálfari 3
Almennir iðkendur	Að 12 ára aldri	X	X
Iðkendur SO	Level 1, <u>2 og 3</u>	X	X
Keppendur félagalínu	12 ára og yngri	X	X
Keppendur ÍSS línu	<u>Chicks</u>	X	X
Afreksþjálfun (adv. novice junior og senior)			X
Yfirþjálfari			X

Reitir merktir með X þýða full réttindi á viðkomandi stigi, annað er tekið fram með texta.

Reglugerðir nr. 361 - 364 fráteknar

Reglugerð nr. 365
Þjálfarar í verkefnum á vegum ÍSS

Markmið ÍSS er að eingöngu einstaklingar sem hafa viðamikla þekkingu á starfi með börnum, unglingum og ungu fólki, og starfa eftir reglum íþróttahreyfingarinnar, hafa möguleika á að taka þátt í verkefnum á vegum ÍSS.

Þjálfarar geta sótt um þátttöku í verkefnum ÍSS s.s. ferðum með landsliði, námskeiðum eða öðrum viðburðum, þar sem þeir eru fulltrúar Íslands og ÍSS.

Menntun:

Þjálfarar sem geta fylgt skautaurum í eða sótt um ofangreind verkefni þurfa að hafa lokið ~~2.~~ 3. stigi þjálfaramenntunar ÍSS. Sé þjálfari ekki menntaður á Íslandi verður hann að senda upplýsingar um menntun sína og starfsreynslu til ÍSS þar sem fræðslunefnd metur réttindin education@iceskate.is

Þjálfari verður hafa gilt skyndihjálparskírteini.

Ljúka þarf netnámskeiðinu „Barnavernd“ sem haldið er á vegum Æskulýðsvettvangsins.

Krafa er að þjálfarar taki þátt í fræðsluviðburðum er ÍSS heldur. ~~auk Fræðsludags ÍSS sem haldinn er í samvinnu við ÍSS.~~

Gögn:

Undirrituðum siðareglum og leyfi fyrir uppflettingu í sakaskrá skal gefa við upphaf hvers keppnistímabils eða áður en umsóknarfrestur fyrir tiltekið verkefni rennur út. Þeir sem hafa starfað á Íslandi í minna en eitt ár þurfa að skila sakavottorði frá því landi sem þeir voru búsettir í síðast. Þeir sem eru valdir í verkefni á vegum ÍSS mega ekki hafa brotið siðareglur þær er skautahreyfingin starfar eftir.

Það er á ábyrgð þjálfara að koma umbeðnum gögnum til ÍSS hverju sinni og að öll skilyrði séu uppfyllt að öðrum kosti getur ÍSS hafnað umsókn þjálfara í verkefni.

Við mat á umsækjendum skal vinna út frá þeim skilyrðum sem skilgreind voru í lýsingu verkefnis og fram kom í auglýsingu. Ef velja þarf úr umsóknum mun stjórn ÍSS fara með valið.

Reglugerðir nr. 366 – 399 frátekna

III. kafli: Afrekssjóður ÍSS

Reglugerð nr. 400

Afrekssjóður

Stjórn ÍSS hefur sett upp afrekssjóð ÍSS. Í sjóðinn fara 60% fer hluti afreksstyrks ÍSÍ ásamt sérmerktum styrkjum frá ISU. Fái ÍSS aukna styrki sem sérmerktir eru afrekssjóð renna þeir óskertir í sjóðinn. Auk þess mun stjórn hafa það að markmiði að safna styrkjum til afreksmála og mun hluti af þeim verða látinn renna til sjóðsins sem og til almennrar uppbyggingar afreksmála eftir því sem tilefni gefur til.

Greiðslur úr Afrekssjóði ÍSS eru ætlaðar afreksstarfi sambandsins til handa afreksíþróttafólki sambandsins til að koma til móts beinan kostnað vegna keppnisþátttöku á erlendri grundu.

Sjóðurinn starfar skv. reglugerð um úthlutunarreglur.

Vinni skautari verðlaunafé á ISU mótum sem ÍSS styrkir að fullu mun 15% upphæðarinnar renna í Afrekssjóð ÍSS.

Umsóknarfrestur er 1. maí ár hvert og eru greiðslur greiddar út ~~15. maí~~ 1. júní ár hvert.

Reglugerð nr. 401

Úthlutunarreglur

Úthlutunarreglur Afrekssjóðs ÍSS og landsliðsverkefni ÍSS

Stjórn velur keppendur á vegum Íslands skv. Viðmiðum ÍSS.

Þeir sem sækja um styrki úr afrekssjóði þurfa að skila inn afritum af öllum kvittunum fyrir kostnaði viðkomandi ferða. Kvittanir fyrir flug, lestir og gistingu skulu vera fyrir þá sem sótt er um eingöngu.

Styrkir

Styrkir vegna ferða á mót á vegum ÍSS eru útlistaði í töflunni hér að neðan. Allir hópar hafa verið settir upp í töfluna og upplýsingar um hvernig viðkomandi mót er styrkt fyrir hvern hóp. Sjá má nánar um einstök mót neðar við töflu. ÍSS sendir liðstjóra í öll verkefni á vegum ÍSS þ.m.t. ferðir fyrir hæfileikamótun og ber allan kostnað vegna hans.

Senior skautarar í hæfileikamótun sem keppa á tveim alþjóðlegum mótum geta sótt um úthlutun að upphæð 50.000.- kr. fyrir hvert tímabil.

Afrekshópar:

	<u>Junior - ÍSS viðmið</u>	<u>Junior - ISU lágmörk</u>	<u>Senior - ÍSS viðmið</u>	<u>Senior - ISU lágmörk</u>
<u>GP / EM / HM / ÓL úrtökumót / ÓL / YOG</u>		<u>100% Heildarkostnaður</u>		<u>100% Heildarkostnaður</u>
<u>CS</u>			<u>Allt að 30.000</u>	<u>Allt að 70.000</u>
<u>JGP</u>	<u>Keppandi greiðir 200.000 per mót⁷</u>	<u>100% Heildarkostnaður</u>		
<u>EYOF</u>	<u>50% af kostnaðarhlutfalli</u>	<u>50% af kostnaðarhlutfalli</u>		

⁷ ÍSS greiðir allan kostnað umfram 200.000.- kr.

	<u>Junior - ÍSS viðmið</u>	<u>Junior - ISU lágmörk</u>	<u>Senior - ÍSS viðmið</u>	<u>Senior - ISU lágmörk</u>
NM⁸	Allt að 50.000	Allt að 70.000	Allt að 50.000	Allt að 70.000
Alþjóðleg mót	Allt að 30.000	Allt að 60.000	Allt að 30.000	Allt að 60.000

Þar sem liðsstjóri er tilgreindur í styrkjatöflu er átt við að ÍSS beri allan kostnað vegna liðsstjóra í viðkomandi verkefni.

Hópur – Hæfileikamótun

	Hæfileikamótun Adv. Novice	Hæfileikamótun Junior	Hæfileikamótun Senior
Öpen-International mót (utan NM og RIG)			Allt að 30.000
NM	Liðsstjóri	Liðsstjóri	Allt að 30.000 Liðsstjóri
EYOF	50% af kostnaðarhlutfalli	50% af kostnaðarhlutfalli	
Challenger-series			Allt að 30.000
RIG			
Landsliðsferð	liðsstjóri	liðsstjóri	liðsstjóri

Afreksefni og Afrekshópur

	Afreksefni Junior	Afrekshópur Junior	Afreksefni Senior	Afrekshópur Senior
ÓL og YOG*		±		±
Öpen-International mót (utan NM og RIG)	Allt að 30.000	Allt að 50.000	Allt að 30.000	Allt að 50.000
NM	Allt að 50.000 Liðsstjóri	Allt að 70.000 Liðsstjóri	Allt að 50.000 Liðsstjóri	Allt að 70.000 Liðsstjóri
JGP	60% Heildarkostnaður	100% Heildarkostnaður		
GP*				±
Challenger-series			Allt að 30.000	Allt að 50.000
Evrópumeistaramót				100% Heildarkostnaður

⁸ Ekki er um styrki að ræða ef NM er á Íslandi og sé keppandi búsettur í sama landi og NM er haldið í getur stjórn tekið sérstaka ákvörðun um styrk vegna NM

Worlds				100% Heildarkostnaður
Junior Worlds		100% Heildarkostnaður		
EYOF	50%-af kostnaðarhlutfalli	50%-af kostnaðarhlutfalli		
RIG				
Landsliðsferð	liðsstjóri	liðsstjóri	liðsstjóri	liðsstjóri

*Sérstakar reglur gilda

Nánari skilgreiningar:

Heildarkostnaður - Með heildarkostnaði er átt við kostnað skautara og þjálfara t.d. flug og/eða lest frá búsetustað og að keppnisstað, gisting á keppnisstað og dagpeningar þjálfara og liðsstjóra.

Alþjóðaflugvöllur - Með alþjóðaflugvelli er átt við þann flugvöll er ferðast er frá úr búsetulandi í verkefni.⁹

Ferðakostnaður - t.d. flugvallarrúta, strætisvagnar eða leigubílar o.þ.h. Stuttar ferðir á þeim stað sem verkefnið/keppnin er þ.e. aðrar ferðir en frá búsetustað og á keppnisstað.

Samgöngustyrkur — ferðir til að komast frá búsetustað og að þeim stað sem ferð hefst úr búsetulandi eða á keppnisstað innan búsetulands. Eingöngu hægt að sækja um fyrir verkefni á vegum ÍSS.

Dagpeningar - Upphæðir dagpeninga taka tillit til áfangastaðar og eru ákvarðaðar fyrir hverja ferð.

Nánar um einstök mót:

Evrópumeistaramót / Heimsmeistaramót / Heimsmeistaramót unglinga (ISU European Championships / ISU World Championships / ISU Junior Worlds)

Skautarar sem ná lágmörkum til þátttöku og er útlutað sæti á ofangreind mót fá 100% styrk frá ÍSS. Greitt er fyrir ferðakostnað og gistingu fyrir skautara, einn þjálfara og einn liðsstjóra ásamt því að dagpeningar eru greiddir til þjálfara og liðsstjóra.

Junior Grand Prix (JGP)

ÍSS styrkir keppendur á JGP til að standa straum af kostnaði og greiðir hlutfall af heildarkostnaði ferðar.

- Skautarar í Afrekshóp fá 100% styrk
- Skautarar í Afreksefnum fá 60% styrk

Ferðakostnaður til og frá alþjóðaflugvelli og matarkostnaður keppanda greiðist af honum sjálfum.

Þjálfari og liðsstjóri fá greidda dagpeninga samkvæmt gjaldskrá ÍSS á meðan á ferð stendur.

Séu keppendur eingöngu úr hópi afreksefna munu þeir greiða sömu upphæð, eða sem nemur 40% af meðaltali ferðanna. Sé einn keppandi úr hópi afreksefna greiðir hann sem nemur 40% af sinni ferð.

Norðurlandamót — NM¹⁰

⁹ Sé keppandi búsettur í sama landi og keppnin fer fram gildir samgöngustyrkur nema annað sé tekið fram eða ákveðið af stjórn.

¹⁰ Ekki er um styrki að ræða ef NM er á Íslandi og Sé keppandi búsettur í sama landi og NM er haldið í getur stjórn tekið sérstaka ákvörðun um styrk vegna NM

Styrkir á NM:

- ~~Keppendur í Afrekshópi ÍSS geta sótt um ferðastyrk allt að upphæð kr. 70.000.-~~
- ~~Keppendur í Afreksefnum ÍSS geta sótt um ferðastyrk allt að upphæð kr. 50.000.-~~
- ~~Keppendur sem ekki hafa náð viðmiðum⁺⁺ en fá kost á þátttöku hafa ekki möguleika á styrk.~~

ÍSS styrkir ekki vegna þjálfara á NM.

Landsliðsferð ÍSS

ÍSS velur eitt mót af lista ISU fyrir áramót fyrir landsliðsferð. Lágmarks þátttaka eru fjórir (4) keppendur. ÍSS útvegar liðsstjóra og greiðir kostnað vegna hans. Hægt er að sækja um styrk ferðastyrk vegna þessarar ferðar sem og samgöngustyrk.

RIG-Northern Lights Trophy

Mótið er ~~Open International~~ alþjóðlegt mót á lista ISU, haldið á Íslandi. Mótið er utan styrkjakerfis Afrekssjóðs ÍSS.

Samgöngustyrkur

Þeir skautarar sem valdir eru í verkefni á vegum ÍSS eiga kost á samgöngustyrk sé vegalengd frá búsetustað og að næsta alþjóðaflugvelli lengri en 100 km

Hægt er að sækja um styrk, allt að tvisvar sinnum á keppnistímabili, fyrir ferðakostnaði innanlands sem nemur kr.10.000 ~~5.500,-~~.

Styrkur vegna sjúkrabjálfunar og / eða sálfræðitíma

Skautarar í landsliði ÍSS með ISU lágmark geta sótt styrk fyrir sjúkrabjálfun og sálfræðipjónustu. ÍSS styrkir 75% fyrir að hámarki fjóra (4) tíma í sjúkrabjálfun og fjóra (4) tíma hjá sálfræðingi á hverju tímabili.

Reglugerð nr. 402 – 499 fráteknar

⁺⁺ Aðrir en hæfileikamótun Senior